

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 420/2011

2012/EES/54/32

frá 29. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ⁽²⁾ eru fastsett hámarksgildi fyrir aðskotaefni í ýmsum matvælum.
- 2) Að teknu tilliti til mismunandi túlkunar, að því er varðar hvaða hluta af kröbbum á að greina til samanburðar við hámarksgildi kadmíums, skal tekið fram að hámarksgildið, sem er fastsett fyrir kadmíum í krabbadýrum í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum (löppum og klóm) og afturból. Að því er varðar krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum gildir hámarksgildið einungis fyrir útlimina. Þessi skilgreining nær ekki yfir aðra hluta krabbadýra, s.s. höfuðból (e. cephalothorax) krabba og óæta hluta (skel, hala). Höfuðbolurinn samanstendur af meltingarfærunum (lifur og briskirtli) sem vitað er að innihalda mikið magn kadmíums. Þar eð neytendur í sumum aðildarríkjum kunna að neyta hluta af höfuðbolnum reglulega er neytendum í öllum aðildarríkjunum ráðlagt að það kunni að vera heppilegt að takmarka neyslu á þessum hlutum til að draga úr vahrifum af völdum kadmíums. Upplýsingapunktur varðandi þetta efni hafa verið settir fram á vefsetri aðalskrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir heilbrigði og neytendavernd ⁽³⁾.
- 3) Í samræmi við það skal, til að tryggja samræmi, breyta því hvaða hlutar krabbadýra, sem hámarksgildin gilda fyrir, eru notaðir til að greina önnur aðskotaefni (blý, kvikasilfur, díoxín, PCB-efni og fjölrhinga, arómatísk vetniskolefni).
- 4) Kadmíum getur safnast upp í samlokum, s.s. nýsjálenskum kræklingi (Perna canaliculus) og ostrum á sambærilegan hátt og í þangi og þara. Þar eð duft úr nýsjálenskum kræklingum og ostrum er, líkt og þurrkað þang og þari, selt sem fæðubótarefni skal hámarksgildi fyrir kadmíum í þurrkuðum samlokum vera það sama og er sem stendur fastsett fyrir þurrkað þang og þara og afurðir sem eru unnar úr þangi og þara.

- 5) Ákvæði varðandi blaðkál skulu löguð að ákvæðum um annað blaðgrænmeti. Blaðkál skal því falla utan sjálfgefins hámarksgildis fyrir kadmíum í „grænmeti og aldin“ í lið 3.2.15 og skal falla undir lið 3.2.17.
- 6) Sjálfgefið hámarksgildi fyrir blý og kadmíum í aldinum og grænmeti er ekki raunhæft fyrir þang og þara, sem getur innihaldið meiri styrk frá náttúrunnar hendi. Þang og þari skal því undanskilið sjálfgefnu hámarksgildi fyrir blý og kadmíum í aldinum og grænmeti (liðir 3.1.10 and 3.2.15). Safna skal frekari gögnum um tilvik til að taka ákvörðun um þörfina fyrir sértækari og raunhæfari hámarksgildi fyrir blý og kadmíum í þangi og þara.
- 7) Nokkuð ósamræmi er fyrir hendi að því er varðar heiti á matvælum/vöruflökkum í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 og heiti á matvælum/vöruflökkum sem eru tilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽⁴⁾. Þar eð í reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er vísað til afurðaflokkanna, sem eru tilgreindir í reglugerð (EB) nr. 396/2005, skal samræma þessi heiti við heitin í þeirri reglugerð.
- 8) Rétt þykir að uppfæra ákvæði um vöktun og skýrslugjöf með tilliti til nýlegra vöktunarráðlegginga varðandi etýlkarbamát ⁽⁵⁾, perflúoralkýluð efni ⁽⁶⁾, og akrýlamíð ⁽⁷⁾. Þar eð ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/504/EB ⁽⁸⁾ var felld úr gildi og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 ⁽⁹⁾ kom í hennar stað skal tilvísun í reglugerð (EB) nr. 1152/2009 koma í stað tilvísunar í ákvörðun 2006/504/EB. Enn fremur skal gera skýra grein fyrir því hvaða gögn á að senda framkvæmdastjórninni og hvaða gögn á að senda Matvælaöryggisstofnuninni.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

⁽³⁾ http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/cadmium_en.htm

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 53.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 68, 18.3.2010, bls. 22.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 137, 3.6.2010, bls. 4.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 21.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 40.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin og hagsmunaaðilar skulu tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um niðurstöður rannsóknna sem gerðar eru og þann árangur sem náðst hefur með tilliti til beitingar fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir mengun af völdum okratoxíns A, deoxynivalenóls, searalenóns, fümónísins B1 og B2 og eiturefnanna T-2 og HT-2. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum. Tengd gögn um tilvik skal senda Matvælaöryggisstofnuninni.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður, sem varða aflatoxín, sem hefur verið aflað í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 (*). Aðildarríkin skulu gefa Matvælaöryggisstofnuninni skýrslu um niðurstöður, sem varða fúran, etýlkarbamát, perflúoralkýluð efni og akrýlamíð, sem

hefur verið aflað í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB (**), 2010/133/ESB (***), 2010/161/ESB (****) og 2010/307/ESB (*****).

(*) Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 40.
 (**) Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 56.
 (***) Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 53.
 (****) Stjtið. ESB L 68, 18.3.2010, bls. 22.
 (*****) Stjtið. ESB L 137, 3.6.2010, bls. 4.“

b) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Gögn um tilvik þegar aðskotaefni finnast, sem aðildarríkin safna saman, skulu, ef við á, einnig send Matvælaöryggisstofnuninni.“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað liða 3.1.6, 3.1.9, 3.1.10 og 3.1.11 í lið 3.1 um blý komi eftirfarandi:

	Matvæli (¹)	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
„3.1.6	Krabbadýr (26): kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura): kjöt af vöðvum af útlimum.	0,50 ⁶⁶
„3.1.9	Belgávextir (27), kornvörur og belgjurtir	0,20 ⁶⁶
„3.1.10	Grænmeti, að undanskildu káli, blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum og þangi og þara (27). Að því er varðar kartöflur eiga hámarksgildin við um afhýddar kartöflur.	0,10 ⁶⁶
„3.1.11	Kál, blaðgrænmeti (43) og eftirtaldir sveppir (27): Agaricus bisporus (ætisveppur), Pleurotus ostreatus (ostrusveppur), Lentinula edodes (shiitake-sveppur)	0,30 ⁶⁶

- 2) Í stað liða 3.2.9, 3.2.15, 3.2.16, 3.2.17 og 3.2.20 í lið 3.2 um kadmíum komi eftirfarandi:

	Matvæli (¹)	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
„3.2.9	Krabbadýr (26): kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura): kjöt af vöðvum af útlimum.	0,50 ⁶⁶
„3.2.15	Grænmeti og aldin að undanskildu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, blaðkáli, sveppum, stöngulgrænmeti, rótarávöxtum og hnýðum og þangi og þara (27).	0,050 ⁶⁶
„3.2.16	Stöngulgrænmeti, rótarávextir og hnýði, að undanskilinni hnúðsillu (27). Að því er varðar kartöflur eiga hámarksgildin við um afhýddar kartöflur.	0,10 ⁶⁶
„3.2.17	Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, blaðkál, hnúðsilla og eftirtaldir sveppir (27): Agaricus bisporus (ætisveppur), Pleurotus ostreatus (ostrusveppur), Lentinula edodes (shiitake-sveppur)	0,20 ⁶⁶
„3.2.20	Fæðubótarefni (39) sem samanstanda eingöngu eða aðallega af þurrkuðu þangi og þara, afurðum sem eru unnar úr þangi og þara eða úr þurrkuðum samlokum.	3,0 ⁶⁶

- 3) Í stað liðar 3.3.1 í lið 3.3 um kvikasílfur komi eftirfarandi:

	Matvæli (¹)	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)
„3.3.1	Fiskafurðir (26) og fiskhold (24) (25), þó ekki af tegundum sem eru tilgreindar í lið 3.3.2. Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	0,50 ⁶⁶

- 4) Í stað liðar 5.3 í lið 5 um díoxín og PCB-efni komi eftirfarandi:

Matvæli	Hámarksgildi	
	Summa díoxína (WHO-PCDD/F-TEQ) (32)	Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (WHO-PCDD/F-PCB-TEQ) (32)
„5.3 Fiskhold og fiskafurðir og afurðir úr þeim, að undanskildum ál (25) (34). Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	4,0 pg/g blautvigt	8,0 pg/g blautvigt ⁴⁴

- 5) Í stað liða 6.1.3 og 6.1.5 í 6. lið um fjölhringa, arómatísk vetniskolefni komi eftirfarandi:

Matvæli (1)	Hámarksgildi (µg/kg blautvigt)
„6.1.3 Reykt fiskhold og reyktar lagarafurðir (25) (36), að undanskildum samlokum. Hámarksgildið fyrir reykt krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða reyta krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	5,0 ⁴⁴
„6.1.5 Krabbadýr, smokkar, önnur en reykt (26). Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból (44). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (Brachyura) og krabbar af ættinni Anomura) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	5,0 ⁴⁴

- 6) Í stað neðanmálgreinar 3 komi eftirfarandi: „(3) Matvæli, tilgreind í þessum flokki eins og þau eru skilgreind í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).“
- 7) Í stað neðanmálgreinar 16 komi eftirfarandi: „(16) Ungbörn og smábörn, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2006/141/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1) og tilskipun 2006/125/EB.“
- 8) Eftirfarandi neðanmálgreinar 43 og 44 bætast við:
- „43) Hámarksgildi fyrir blaðgrænmeti gildir ekki um ferskar kryddjurtir (sem falla undir kenninúmer 0256000 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005).
- 44) Þessi skilgreining nær ekki yfir höfuðból krabbadýra.“